

✉ Efni: Deiliskipulagstillag fyrir Kringlu 4 L227914, frístundabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi

Búið til	21.2.2020 12:28:30
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	21.2.2020 15:01:07
Tilheyrir	📁 2020020009 - Deiliskipulag frístundabyggðar, Kringla 4, Árvegsendi og Árvegsbotnar

Efni

Efni: Deiliskipulagstillag fyrir Kringlu 4 L227914, frístundabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi

Upplýsingar

Sent	21.2.2020 15:01:07	Staða	Sent
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson (trausti@ni.is)
Til	stella@utu.is

Innihald

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita, dags. 5. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsöng Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu fyrir Kringlu 4, frístundabyggð. Jafnframt er vísað í umsögn Skipulagsstofnunar um lýsingu vegna framangreindrar tillögu þar sem m.a. er bent á að athuga þurfi sérstaklega tillögunu m.t.t. votlendis og 61. gr. laga um náttúruvernd og leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar eftir atvikum.

Í deiliskipulagstillögunni er umrætt svæði að hluta innan náttúruverndarsvæðis þ.e. svæði nr. 739 Brúará og Brúarskörð á náttúruminjaskrá sem m.a. er áin öll og 200 m breitt belti meðfram ánni. Það sem einkennir svæðið er tilkomumikið landslag og fjölskrúðugur gróður og fuglalíf. Votlendi meðfram ánni er mikilvægt t.d. öllu fuglalífi sem búsvæði fugla m.a. sem varp- og fæðusvæði.

Eins og skipulagið er sett fram eru einar 4 lóðir alfarið innan 200 metra beltis frá ánni og aðrar fjórar lóðir að miklu leiti innan þess. Byggingarreitir eru allir utan 100 m beltis skv. deiliskipulagskortu en allir, af átta lóðum, innan 200 m beltisins. Á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar sést að mikið er um votlendi á svæðinu almennt, sjá <http://vistgerdakort.ni.is/> (<http://vistgerdakort.ni.is/>) og meðfylgjandi kort, mynd 1, og á korti, mynd 2, eru sýnd svæði sem eiga að njóta sérstakrar verndar, votlendi stærra en 2 ha, en það virðist vera að miklu leiti utan skipulagssvæðisins, sjá <https://serstokvernd.ni.is/> (<https://serstokvernd.ni.is/>). Þar sem kortin eru í mælikvarða 1:25.000 verður að horfa til þess að nákvæmni kortanna er ekki það mikil að eingöngu sé hægt að byggja á þeim enda krefst deiliskipulag iðulega mun nákvæmari og stærri mælikvarða t.d. 1:1000 til 1: 2000 svo hægt sé að afmarka votlendi á svæðinu. Auk þess þarf að skoða svæðið á vettvangi, sjá til glöggvunar meðfylgjandi kort af skipulagsreitnum á vistgerðakorti (gróft kort).

Eins og skipulagið er sett fram er það mjög „ferkantað“ m ef svo má að orði komast, án alls sveigjanleika. Þó byggingarreitir séu utan 100 m er engin vissa fyrir því það eitt sé nóg því gera þarf ráð fyrir notkun lóða og engin vissa fyrir því hver sú notkun verður t.d. m.t.t. áhrifa á fuglalíf. Svæðið er innan mikilvægs fuglasvæði http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf) bls. 259 og landsvæðið í heild er innan tillögu Náttúrufræðistofnunar um svæði sem ástæða er til að vernda vegna fuglalífs og setja á B-huta náttúruminjasrár, Laugavatn-Apavatn-Brúará, sjá <https://www.ni.is/node/21653> (<https://www.ni.is/node/21653>) . Það er því full ástæða til að vanda alla skipulagsgerð.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki sýnt fram á að brýn nauðsyn sé að skipuleggja þar sem er votlendi eða innan við 200 m beltis við ána. Af korti að dæma sem fylgir gögnum málsins og sýnir hluta úr aðalskipulagi Grímsnes og Grafningshrepps virðist eiga eftir að deiliskipuleggja og byggja á mun stærra svæði en nú er til umfjöllunar og þá einnig innan votlendissvæða. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að skoða svæðið í heild og framtíð þess m.t.t verndar og nákvæmari skipulagningar sem tekur tillit til vernd votlendissvæða. Einnig er hér sérstaklega minnt á vernd votlendis í tengslum við loftslagsbreytingar.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson

Forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

Náttúrufræðistofnun Íslands

Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8

210 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500

Email: trausti@ni.is

Viðhengi

Kringla4-vistg-61.gr.-2020.docx (360 KB)

Kringla4Vistgerðir.pdf (267 KB)